

Nr. 083 / 10 Hafbjörg SU 50**Vélarbilun og dregin til hafnar**

Skipaskr.nr. 6196
Smíðaður: Hafnarfirði 1980 plast
Stærð: 2,17 brl. 3,71 bt.
Mesta lengd: 7,43 m Skráð lengd: 7,33 m
Breidd: 2,23 m Dýpt: 0,70 m
Vél: Yanmar 31,6 kW 1999
Fjöldi skipverja: 1

Gögn:
Gögn RNS



Hafbjörg ©Hilmar Snorrason

Málið afgreitt á fundi 11. október 2010 af Inga Tryggvasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 14. júní 2010 var Hafbjörg SU 50 á strandveiðum skammt austan við Skrúð. Veður: Logn.

Þegar bátsverjinn ætlaði að gangsetja vélina til að kippa á fiskislóðinni virkaði startarinn ekki þrátt fyrir að gott ástand virtist vera á rafgeymi. Hann óskaði eftir aðstoð og Andrea KÓ 66 dró bátinn til Fáskrúðsfjarðar.

Við rannsókn kom fram:

- að lélegt samband á öðrum pólum á rafgeymnum olli straumleysinu og þurfti aðeins að skafa hann og skóinn. Athygli vakti að óhreinindin voru ekki sjáanleg að sögn bátsverjans;
- að rafgeymirinn var mældur með fulla hleðslu eins og spennumælir hafði sýnt;
- að um borð var dreki til taks.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.